









NÝSKÖPUNARSJÓÐUR  
ÁRSSKÝRSLA 2010

## Efnisyfirlit

	Ávarp stjórnarformanns . . . . .	2
	Skýrsla framkvæmdastjóra. . . . .	3
	Stjórn Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. . . . .	6
	Starfsmenn Nýsköpunarsjóðs í stjórnnum fyrirtækja . . . . .	7
	Aðrir fulltrúar Nýsköpunarsjóðs í stjórnnum fyrirtækja . . . . .	9
	Helstu fjárfestingarverkefni Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. . . . .	11
	Fjárfestingar í sjóðum . . . . .	34
	Ársreikningur . . . . .	37
	Rekstrarreikningur árið 2010 . . . . .	40
	Efnahagsreikningur . . . . .	41
	Skýringar . . . . .	44



## KOMINN Á FERMINGARALDURINN

Ávarp stjórnarformanns

Á liðlega 13 ára starfstíma Nýsköpunarsjóðs atvinnulífs – NSA – hafa sannarlega skipst á skin og skúrir. Á fyrri hluta tímabilsins gætti um tíma mikillar bjartsýni um velgengni í fjárfestingum í hugbúnaðar- og upplýsingatækni, en síðan kom alvarlegt bakslag. Þegar hlutir voru farnir að jafna sig nokkrum árum síðar kom banka- og efnahagshrunið haustið 2008 með tilheyrandi afleiðingum. Nýsköpunarsjóður fór ekki varhluta af þessum áföllum og hafa þau haft veruleg áhrif á fjárfestingagetu sjóðsins. Hlutverk sjóðsins er að vera áhættufjárfestir sem tekur virkan þátt í þróun og vexti atvinnulífsins með því að fjárfesta í vænlegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Þetta hlutverk hefur sjóðurinn stundað allt frá stofnun. Með því að vera leiðandi fjárfestir hvetur sjóðurinn aðra fjárfesta til að koma með fjármuni í nýsköpun. Það er löngu sannað að fjárfesting í nýsköpun eykur hagvöxt og hagsæld.

Hlutverk Nýsköpunarsjóðs hefur aukist í kjölfar fjármála- og efnahagskreppunnar hér á landi. Í stað yfirfljóttandi fjármagns síðustu árin fyrir bankahrun og minnkandi áhuga á fjárfestingum í nýsköpun hafa hlutirnir snúist við. Miklir erfiðleikar hjá fólki og fyrirtækjum, samhliða mikilli lækkun á gengi krónunnar og viðvarandi atvinnuleysi, hafa beint sjónum fólks að nýjum tækifærum. Þáttur Nýsköpunarsjóðs í stofnun og sem stór hluthafi í Frumtaki eftir bankahrunið hefur skipt gríðarlegu máli, en fyrirtækið fjárfestir yfirleitt á eftir NSA í þróunarferli fyrirtækja.

Þrátt fyrir að Nýsköpunarsjóður hafi ekki yfir miklu fjármagni að ráða getur aðkoma sjóðsins í fjárfestingum skipt sköpum og það höfum við sannarlega fundið á síðustu árum. Það skiptir gríðarlegu máli fyrir frumkvöðla og meðfjárfesta að vita að sjóðurinn starfar eftir þróuðum ferlum og stundar fagmannleg vinnubrögð við mat á fjárfestingum og eftirfylgni þeirra.

Á starfstíma sínum hefur Nýsköpunarsjóður komið að fjárfestingum í liðlega 150 fyrirtækjum og með því aflað sér mikillar reynslu í stjórnun og uppbyggingu sprotafyrirtækja. Þegar sjóðurinn hóf starfsemi var sagt að það gæti tekið mörg ár, jafnvel áratug, að átta sig á því hvort fjárfesting í nýsköpun myndi skila sér. Þetta hefur sannarlega reynst rétt og nú er Nýsköpunarsjóður kominn á fermingaraldir og mun halda ótrauður áfram í því hlutverki að viðhalda og auka fjárfestingar í nýsköpun á Íslandi.

*Arnar Sigurmundsson, form. stjórnar NSA.*



## FRAMTÍÐIN ER BJÖRT

Skýrsla framkvæmdastjóra

Öll þekkjum við það að fjárfesting í nýsköpunarfyrirtæki er fjárfesting til framtíðar. Það er líka mikilvægt að huga að því að þegar fyrirtæki sækja fjármagn til sjóða eins og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins eru þessi fyrirtæki að byggja sér framtíð með fjárfestum. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins þarf að byggja sér framtíð með bæði fjárfestum og fyrirtækjum.

Það er stefna Nýsköpunarsjóðs að fá fjárfesta sem koma inn í fjárfestingar samhliða sjóðnum. Það er jafnframt mikilvægt að til séu fjárfestar sem taka við boltanum þegar hlutverki Nýsköpunarsjóðs lýkur.

Það á ekki að vera of auðvelt að sækja fjárfestingu í nýsköpunarverkefni. Eins og sást best í netbólunni fyrir rúmlega tíu árum geta sumir fjárfestar grætt á því að fjárfesta í röngu fyrirtæki á réttum tíma. Í hvirfilbyl eru jafnvel vænglausir fuglar fleygir. Það er ekki gott fyrir samfélagið sem heild ef lélegar viðskiptahugmyndir fá of mikið fjármagn og til lengri tíma lítið getur það skilið eftir tómarúm fyrir fyrirtæki og fjárfesta sem koma á eftir.

Það er augljóslega ennþá verra fyrir samfélagið ef ekkert er fjárfest í nýsköpun. Það er hlutverk okkar allra sem komum að nýsköpun að stuðla að því að Ísland sé góður staður til að stofna ný fyrirtæki sem byggja á tækni, þekkingu og sköpun. Heilbriggt fjárfestingarumhverfi leikur þar lykilhlutverk, þar sem frumkvöðlar geta leitað til fjárfesta og fjármálastofnana og fengið hlutafé og lán á sanngjörnum kjörum. Þar sem frumkvöðlar geta fengið til liðs við sig vandaða fjárfesta. Vandaður fjárfestir er fjárfestir sem hefur skilning á vaxtarstigi fyrirtækisins og getur komið með viðbótarþekkingu og þolinmótt fjármagn inn í fyrirtækið.

Það er ánægjulegt að segja frá því að á árinu 2010 virtist vera töluvert af fjárfestum sem voru tilbúnir að koma með hlutafé inn í nýsköpunarfyrirtæki. Nýsköpunarsjóður fékk marga góða fjárfesta til liðs við sig á árinu. Á árinu 2010 fjárfesti sjóðurinn fyrir tæplega 700 milljónir beint í fyrirtækjum en aðrir fjárfestar komu með um milljarð. Þannig að samtals fjárfesting í fyrirtækjum tengdum Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins var um 1.700 milljónir.

Ísland er þó enn eftirbátur þeirra landa sem við viljum bera okkur saman við þegar fjárfesting í nýsköpun er annars vegar. Tölfræðin sýnir að meira er fjárfest í nýsköpun sem hlutfall af vergri landsframleiðslu (VLF) í nágrannalöndum okkar heldur en á Íslandi. Nýsköpunarsjóður vill vera hvati til skynsamlegrar fjárfestingar í nýsköpun og laða aðra aðila að fjárfestingum með sér. Nýsköpunarsjóður hefur staðið vaktina við fjárfestingar í nýsköpun í þrettán ár og leggur sig fram við að vinna af fagmennsku og þekkingu í öllum fjárfestingum.

Sem aðili að EVCA og Nordic Venture Network (NVN) hefur sjóðurinn náð að byggja upp öflugt alþjóðlegt tengslanet og lært bestu hefðir og venjur af norrænum og evrópskum samstarfsaðilum. Það er vonandi að Nýsköpunarsjóður sé æskilegur ferðafélagi fyrir bæði fyrirtæki og fjárfesta inn í framtíðina og saman náum við að byggja hér upp nýsköpunarumhverfi þar sem er hvorki fjárskortur né fjárfestingabóla.

*Ég vil þakka stjórn og starfsmönnum Nýsköpunarsjóðs fyrir einstaklega gott samstarf á árinu.*

*Helga Valfells, framkvæmdastjóri NSA.*

## Rekstur Nýsköpunarsjóðs

Nýsköpunarsjóður var rekinn með sextán milljóna króna hagnaði árið 2010. Vaxta- og vörslutekjur sjóðsins lækkuðu verulega á milli ára en Nýsköpunarsjóður seldi hlutafé í fjórum fyrirtækjum á árinu og var söluhagnaður 234 milljónir króna. Varúðarframlag í afskriftarsjóð var 283 milljónir. Rekstrartekjur ársins 2010 voru því 147,3 milljónir. Rekstrarkostnaður sjóðsins var 128 milljónir og var nánast óbreyttur frá fyrra ári.

Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir sjóðsins 4.837 milljónum króna í lok árs 2010. Eignarhlutur sjóðsins í fyrirtækjum er metinn á 2.595 milljónir króna. Um áramótin 2010 var kaupverð eignarhluta í samlagssjóðum metið á 941 milljón króna.

Í árslok 2010 átti Nýsköpunarsjóður í 35 fyrirtækjum. Heildarvelta þessara fyrirtækja var 5.703 milljónir króna, þar af 4.542 milljónir í erlendum gjaldeyri. Alls störfuðu 473 manns hjá þessum fyrirtækjum.

## Útgöngur

Nýsköpunarsjóður seldi eignarhlut í fjórum fyrirtækjum á árinu. Útgöngur sjóðsins voru eftirfarandi:

### Hafmynd ehf.:

Stærsta útganga Nýsköpunarsjóðs á árinu var sala á 31,6% eignarhlut í Hafmynd ehf. til Teledyne Technologies (NYSE: TDY). Hafmynd þróar og framleiðir dvergkafbáta. Nýsköpunarsjóður var hluthafi í hafmynd í tíu ár. Teledyne Technologies keypti alla hluti í Hafmynd, en starfsemi félagsins heldur áfram á Íslandi.

### Sjávarleður ehf.:

Nýsköpunarsjóður seldi 49% hlut í Sjávarleðri til Roðskinns ehf. á Dalvík. Sjávarleður framleiðir leður úr fiskroði. Nýsköpunarsjóður var hluthafi í félaginu frá 1999.

### Ice Consult ehf.

Nýsköpunarsjóður seldi allan eignarhlut sinn, tæp 7%, í Ice Consult til fjárfestingarsjóðsins Frumtaks. Ice Consult selur

sérhæfðan hugbúnað fyrir fasteignastjórnun. Nýsköpunarsjóður hafði verið hluthafi í Ice Consult síðan 1999.

### Marorka

Fyrirtækið Markorka selur lausnir til að hámarka orkunýtingu skipa. Nýsköpunarsjóður seldi 2% hlut í fyrirtækinu til þýska fjárfestingarsjóðsins Mayfair. Nýsköpunarsjóður á enn tæp 15% í Marorku. Nýsköpunarsjóður varð hluthafi í Marorku árið 2006.

## Fjárfestingar

Á árinu 2010 bárust 200 erindi til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Fjárfestingarráð Nýsköpunarsjóðs fór yfir 110 erindi á árinu og af þeim voru 22 send áfram til stjórnar Nýsköpunarsjóðs. Stjórnin samþykkti eftirfarandi nýfjárfestingar á árinu:

### Geogreenhouse ehf.

Félagið var stofnað í því markmiði að reisa allt að tuttugu hektara gróðurhús við hlið jarðvarmavirkjunar. Framleiddir verða hágæðatómatar allt árið um kring sem eru lausir við skordýraeitur, kolefnisjafnaðir og framleiddir með fersku íslensku vatni. Áætlað er að framleiðsla hefjist haustið 2012 en ráðgert er að flytja alla þá tómata sem framleiddir verða í gróðurhúsinu til Bretlandseyja.

### Remake Electric ehf.

Fyrirtækið þróar rafskynjara sem koma í stað hefðbundinna rafmagnsöryggja. Tækniin mun nýtast vel sem greiningartæki og gefa notendum, bæði á heimilum og í fyrirtækjum, tækifæri á að vera upplýstari um rafmagnsnotkun og stuðlar þannig að orkusparnaði og auknu öryggi.

### Transmit ehf.

Vara Transmit er hugbúnaðurinn Brand Regard sem gerir litlum og meðalstórum fyrirtækjum kleift að tryggja að allir starfsmenn og samstarfsaðilar fyrirtækja hafi auðveldan aðgang að staf-rænum markaðsgögnum, svo sem lógóum, bæklingum og myndum. Transmit hefur hafið sölu á Brand Regard á Íslandi og í Bretlandi.



### Starfsmenn Nýsköpunarsjóðs

Egill Másson, Gísli Benediktsson, Helga Valfells, Smári Þórarinnsson, Hekla Arnardóttir, Finnur Árnason, Svala Vignisdóttir.

### Videntifier ehf.

Videntifier Technologies var stofnað 2007 og er sprottið upp úr rannsóknarvinnu við Háskólann í Reykjavík á sviði leitar í myndgagnagrunnum. Vara félagsins, Videntifier Forensic, getur á alsjálfrvirkan hátt borið kennsl á myndefni á tölvum og þannig aðstoðað við að uppræta ólöglegt myndefni. Félagið markaðssetur lausnina til lögregluembætta um allan heim, og er nú að byggja sér alþjóðlegt sölunet umboðsmanna.

Auk ofangreindra fjárfestinga setti Nýsköpunarsjóður viðbótar-fjármagn í sautján fyrirtæki sem voru þegar í eignasafni sjóðsins. Samtals voru gefin fyrirheit um beinar fjárfestingar upp á 698 milljónir á árinu.

Nýsköpunarsjóður hefur skuldbundið sig til að fjárfesta í þremur samlagssjóðum; Frumtaki, Brú 2 og Auði 1. Samtals lagði Nýsköpunarsjóður 512 milljónir í samlagssjóði á árinu. NSA seldi hlut af sínum eignarhlut í Auði 1 með sölutapi að fjárhæð 6,2 milljónir króna.

## Starfsmenn Nýsköpunarsjóðs

Töluverðar breytingar urðu á starfsmannahaldi sjóðsins árið 2010. Finnbogi Jónsson lét af störfum sem framkvæmdastjóri sjóðsins eftir farsælt starf. Helga Valfells var ráðin framkvæmdastjóri í mars 2010. Tveir starfsmenn voru ráðnir til sjóðsins. Egill Másson hóf störf í júní 2010 og Hekla Arnardóttir kom í 50% starf í ágúst 2010. Í lok árs voru því 6,5 stöðugildi hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins.

## Stjórn Nýsköpunarsjóðs

Breytingar urðu á stjórn Nýsköpunarsjóðs um mitt ár 2010. Jón Steindór Valdimarsson hætti sem stjórnarformaður sjóðsins eftir áralanga setu í stjórn og eru honum þökkuð vel unnin störf í þágu sjóðsins. Arnar Sigurmundsson tók við sem stjórnarformaður. Finnbjörn A. Hermannsson og Orri Hauksson komu nýjir inn í stjórn sjóðsins.

## STJÓRN NÝSKÖPUNARSJÓÐS ATVINNULÍFSINS



### Arnar Sigurmundsson, stjórnarformaður NSA

Arnar er fæddur í Vestmannaeyjum 1943. Hann hefur verið formaður Samtaka fiskvinnslustöðva – SF – frá 1987 og formaður stjórnar Landssamtaka líffeyrissjóða frá 2006. Arnar tók virkan þátt í undirbúningi að stofnun Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins árið 1997 fyrir hönd sjávarútvegsins og hefur átt sæti í stjórn sjóðsins frá upphafi, þar af sem formaður frá 1997-2004. Arnar átti sæti í bæjarstjórn Vestmannaeyja um fimmtán ára skeið og hefur frá 2006 verið formaður framkvæmda- og hafnarráðs Vestmannaeyjabæjar.



### Guðný Hrund Karlsdóttir, varaformaður stjórnar NSA

Guðný er fædd og uppalin í Keflavík og stúdent frá Fjölbautaskóla Suðurnesja. Hún lauk cand. oecon-prófi í viðskiptafræðum af fjármálasviði frá Háskóla Íslands árið 1998. Hún var ráðgjafi hjá Streng hf. 1998-2002 og sveitarstjóri á Raufarhöfn 2002-2006. Frá árinu 2006 hefur Guðný starfað sem viðskiptastjóri hjá Maritech ehf. Guðný er varaformaður stjórnar NSA, stjórnarformaður Ábyrgðarsjóðs launa og situr sem varamaður í stjórn Samkeppniseftirlitsins.



### Finnbjörn Aðalvíkingur Hermannsson

Finnbjörn er fæddur í Reykjavík 1954. Hann er húsmiður, með uppeldis- og kennslufræðimenntun frá KHÍ og diplómanám í mannauðsstjórnun frá HR. Finnbjörn hefur verið formaður Trésmiðafélags Reykjavíkur, nú Fagfélagsins, frá 1997 og Samiðnar, sambands iðnfélaga frá 1998. Hann tók þátt í undirbúningi að stofnun Nýsköpunarsjóðs og var varamaður í stjórn á árunum 1997 - 2001. Finnbjörn hefur verið stjórnarmaður í NSA frá 2010. Finnbjörn situr í miðstjórn ASÍ og stjórn Iðunnar fræðsluseturs auk ýmissa nefnda og ráða á vegum verkalýðshreyfingarinnar.



### Orri Hauksson

Orri er vélaverkfræðingur frá HÍ og MBA frá Harvard Business School. Orri er framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins síðan í ágúst árið 2010. Hann hefur gegnt ýmsum stjórnunarstöðum og hefur undanfarin ár sinnt fjárfestingum og setið í stjórnnum nokkurra fyrirtækja fyrir hönd Novator, aðallega á sviði fjarskipta og hreinna orkugjafa í Bandaríkjunum og á Norðurlöndum. Orri situr í stjórn líffeyrissjóðsins Gildis. Hann var áður framkvæmdastjóri þróunarsviðs Símans og aðstoðarmaður forsætisráðherra á árunum 1997 - 2000.



### Sigrún Valdimarsdóttir

Sigrún er fædd í Reykjavík 1955 og uppalin í Kópavogi. Hún starfaði hjá Tryggingastofnun ríkisins og Líffeyrissjóði starfsmanna ríkisins 1978-1983. Sigrún var sauðfjárbóndi frá 1983-2000 og ferðabjónustubóndi frá 1988. Sigrún situr í stjórn Félags ferðabjónustubænda, Selaseturs Íslands og er formaður ferðamálafélags Vestur-Húnavatnssýslu.

## STARFSMENN NÝSKÖPUNARSJÓÐS Í STJÓRNUM FYRIRTÆKJA



### Helga Valfells, framkvæmdastjóri NSA

Stjórnarseta fyrir NSA:

Frumtak (formaður), Innovit ehf., Mentor (formaður), Gagnavarslan (formaður) og Nikita

Helga lauk BA-prófi í hagfræði og enskum bókmenntum frá Harvard University 1988 og MBA prófi frá London Business School árið 1994. Helga hefur unnið hjá Estée Lauder UK, Merrill Lynch International Europe og Útflutningsráði Íslands. Helga hefur jafnframt starfað sem sjálfstætt starfandi ráðgjafi og aðstoðarmaður Gylfa Magnússonar viðskiptaráðherra. Helga hóf störf hjá Nýsköpunarsjóði í ágúst 2009 og var ráðin framkvæmdastjóri í mars 2010.



### Smári Þórarinsson, fjármálastjóri NSA

Stjórnarseta fyrir NSA:

AGR ehf., Atall ehf. Betware ehf., Norrænar myndir ehf. og Stjörnu-Oddi hf.

Smári er fjármálastjóri Nýsköpunarsjóðs og hefur verið það frá stofnun hans 1998. Hann starfaði áður hjá Fiskveiðasjóði Íslands frá 1978 - 1997, fyrst sem bókarari og svo deildarstjóri tölvudeildar. Hann gegndi stöðu aðalbókara hjá Fiskveiðasjóði Íslands árið 1992-1997.



### Egill Másson, fjárfestingastjóri NSA

Stjórnarseta fyrir NSA: Gogogic ehf., Gogoyoko ehf., (form.), Videntifier, Transmit ehf., (formaður),

Marorka, Menn og mýs (form.) og Kerecis

Egill lauk BS-prófi í tölvunar- og eðlisfræði frá Háskólanum í Kaupmannahöfn 1987 og MS-prófi í tölvunarfræði frá sama skóla 1990. Hann starfaði sem forritari hjá Niels Bohr Institut og við rannsóknir hjá NEuroTech A/S í Danmörku. Egill starfaði hjá Taugagreiningu hf. í 16 ár, fyrst við rannsóknir og síðar sem framkvæmdastjóri. Hann vann síðan við markaðsstörf hjá bandaríska félaginu CareFusion í þrjú ár og var síðast yfirmaður viðskipta-greindar og hugbúnaðarhögunar hjá Arion banka í þrjú ár. Egill hóf störf hjá Nýsköpunarsjóði sumarið 2010.



### Finnur Árnason, fjárfestingastjóri NSA

Stjórnarseta fyrir NSA:

Akthelía ehf., Atall ehf., (formaður), Genís ehf., Grapewire ehf., Mentis Cura ehf.,

Oxymap ehf. og Primex ehf. (formaður)

Finnur Árnason er stúdent frá Menntaskólanum við Hamrahlíð og búfræðingur frá Hvanneyri. Hann lauk BSc.-námi í efnafræði við Háskóla Íslands og fil. cand.-prófi í rekstrarhagfræði frá Háskólanum í Gautaborg. Finnur hóf störf hjá Nýsköpunarsjóði á árinu 1999 og hefur setið í stjórnnum fjölmargra fyrirtækja.



### Gísli Benediktsson, fjárfestingastjóri NSA

Stjórnarseta fyrir NSA:

Stiki ehf., Lífeind ehf., Íshestar ehf., Kine ehf., Valka ehf., Videntifier ehf., Dohop ehf. og Auris ehf.

Gísli lauk stúdentsprófi frá MR og útskrifaðist frá viðskiptadeild Háskóla Íslands árið 1971.

Gísli hefur unnið hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins frá stofnun. Áður var hann sérfræðingur hjá lðnlánasjóði og hafði þá m.a. umsjón með vöruþróunar- og markaðsdeild sjóðsins. Eftir útskrift frá viðskiptadeild HÍ starfaði Gísli sem skrifstofustjóri hjá Félagi Íslenskra iðnrekenda í fjögur ár og útibússtjóri hjá lðnaðarbanka Íslands hf. í eitt ár.



### Hekla Arnardóttir, fjárfestingastjóri NSA

Stjórnarseta fyrir NSA:

Fjölblendir ehf., Intelscan ehf., (formaður), ReMake Electric ehf.

Hekla lauk C.Sc. prófi í Véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands vorið 1999. Frá því að námi lauk starfaði hún hjá stoðtækjafyrirtækinu Össuri hf, fyrst við vöruþróun og prófanir í þróunardeild en síðar við markaðssetningu og vörustjórn á Asíumarkaði. Hekla tók þátt í að setja á stofn útibú Össurar í Shanghai og rekstri þess fyrsta árið. Hekla hóf störf hjá Nýsköpunarsjóði sumarið 2010 og er einn af fjárfestingastjórum sjóðsins.

## AÐRIR FULLTRÚAR NÝSKÖPUNARSJÓÐS Í STJÓRNUM FYRIRTÆKJA



### Árni Þór Árnason

Stjórnarseta fyrir NSA: Oxymap ehf. (formaður) og Kine ehf.

Árni lauk stúdentsprófi frá Verslunarskóla Íslands 1972. Hann starfaði við heildverslunina Austurbakka hf. sem sölustjóri, framkvæmdastjóri og síðar forstjóri. Fyrirtækið fór á hlutabréfamarkað árið 2000 og var selt árið 2005. Árni hefur mikinn áhuga á nýsköpun og hefur tekið þátt í stofnun Omega Farma, Pars Pro og Green Diamond og gegnt stjórnarstörfum þar. Í gegnum einkahlutafélag sitt REMEDIU EHF er Árni hluthafi í Ensímtækni, Gogogic og Oxymap þar sem hann er í hlutverki starfandi stjórnarformanns.



### Elín Þórðardóttir

Stjórnarseta fyrir NSA: Norrænar myndir ehf.

Elín er með BS-gráðu í rekstrarhagfræði frá háskólanum í Álaborg í Danmörku og Msc frá sama skóla í stjórnun og stefnumótun fyrirtækja. Hún hefur yfir 20 ára reynslu sem stjórnandi og var forstjóri Opin kerfi Group hf. til ársins 2010. Elín er stjórnarformaður Húsasmiðjunnar. Áður hefur Elín meðal annars starfað sem fjármálastjóri deCODE Genetics, sem breytingastjóri Eimskips og sem fjármálastjóri B&L.



### Jón Steindór Valdimarsson

Stjórnarseta fyrir NSA: Geogreenhouse ehf.


Jón Steindór er stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri 1978. Hann lauk embættisprófi í lögum frá HÍ árið 1985. Hann starfaði í fjármálaráðuneytinu en síðan hjá Vinnumálasambandinu. Réðst til Félags Íslenskra iðnrekenda 1988 og starfaði hjá Samtökum iðnaðarins frá stofnun þeirra haustið 1993, lengst af sem aðstoðarframkvæmdastjóri en framkvæmdastjóri frá 2007 - 2011. Hann hefur setið í fjölda mörgum stjórnunum og situr m.a í stjórn Framtakssjóðs Íslands, Lánatryggingarsjóðs kvenna og Alþjóðamálastofnunar HÍ.



### Sverrir Geirdal

Stjórnarseta fyrir NSA: Stjörnu-Oddi hf (formaður).

Sverrir er menntaður kerfisfræðingur frá Danmörku ásamt því að hafa MBA-gráðu frá Viðskiptaháskóla Kaupmannahafnar (CBS). Sverrir er einn af stofnendum ráðgjafarfyrirtækisins Ráðlags og frá 2002 hefur hann verið framkvæmdastjóri þess og meðeigandi. Sverrir sinnir jöfnum höndum verkefnum á sviði stjórnunar og upplýsingatækni. Sverrir var starfsmaður Nýsköpunarsjóðs frá 1998 - 2001.



### Erla Björg Guðrúnardóttir

Stjórnarseta fyrir NSA: Valka ehf (formaður).

Erla Björg er viðskiptafræðingur frá Háskólanum í Reykjavík. Árið 2003 stofnaði hún fyrirtækið Marz Sjávarafurðir sem sérhæfir sig í sölu og markaðssetningu á sjávarafurðum. Markaðssvæði fyrirtækisins teygir sig frá Evrópu til Asíu og N-Ameríku. Erla Björg hefur talsverða reynslu af setu í stjórnunum Íslenskra sprotafyrirtækja.



Brynja Guðmundsdóttir, Gagnavarslan.


HELSTU FJÁRFESTINGARVERKEFNI  
NÝSKÖPUNARSJÓÐS  
ATVINNULÍFSINS



AGR var stofnað árið 1998 í framhaldi af rannsóknarverkefnum við verkfræðideild Háskóla Íslands. Fyrirtækið hefur undanfarin ár þróað aðferðir og hugbúnað fyrir alþjóðlegan markað í nánú samstarfi við Rannís og Háskólann í Reykjavík. Helsta afurð fyrirtækisins er AGR Inventory Optimiser sem innleitt hefur verið hjá yfir 60 fyrirtækjum í 20 löndum. Kerfið framkvæmir söluspár fyrir hverja vöru og velur sjálfvirk þá fræðilegu spáaþferð sem hentar best fyrir hverja vöru. Kerfið reiknar síðan út hversu miklar öryggisbirgðir fyrirtæki þurfa og leitast við að lágmarka það fé sem bundið er í birgðum en á sama tíma að eiga vöruna tiltæka þegar viðskiptavinurinn þarf á vörunni að halda. Helstu markaðssvæði AGR eru í Evrópu með áherslu á Norðurlöndin, Bretland og Holland. Fyrirtækið rekur tvær skrifstofur undir merkjum AGR, í Bretlandi og Danmörku, en vinnur einnig náið með mörgum þekktum endursöluaðilum á meginlandinu.


[www.agr.is](http://www.agr.is)

#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2000




Akthelia Pharmaceuticals var stofnað til að fylgja eftir uppfinningum stofnenda fyrirtækisins sem sýndu að vissar smásameindir geta örvað meðfæddar varnir líkamans og þannig unnið bug á smitsjúkdómum. Fyrirtækið þróar sýklalyf sem innihalda þessar smásameindir. Lyfjaþróunin byggist á niðurstöðum rannsókna við Háskóla Íslands og Karolinska Institutet í Stokkhólmi. Lyf þessi verka á annan hátt en hefðbundin sýklalyf og er því um að ræða nýja nálgun á meðferð gegn smitsjúkdómum. Lyfin gætu m.a. reynst gagnleg gegn sýklstofnum sem eru ónæmir fyrir hefðbundnum sýklalyfjum. Akthelia hefur nú sótt um tvö einkaleyfi til verndar tækninni sem lyfjaþróunin byggist á. Í gangi eru forklínískar og klínískar rannsóknir sem prófa virkni tækninnar gegn sýkingum í meltingarvegi og öndunarfærum. Leitað er að samstarfsaðilum til að fjármagna áframhaldandi lyfjaþróun.

#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2008



Auris ehf. vinnur að þróun á nýju lyfi til útvortis notkunar gegn bráðri miðeyrnabólgu. Viðskiptahugmyndin felur í sér notkun velþekktar bakteríudrepani efnis sem komið er fyrir í sérhönnuðum eyrnatöppum, sem komið er fyrir í ytra eyra. Meðferðinni er ætlað að koma í stað hefðbundinnar sýklalyfjameðferðar. Sýklalyfjameðferð fylgja oft aukaverkanir og því mikil þörf innan heilbrigðiskerfisins á öðru meðferðarúrræði. Unnið hefur verið að klínískum rannsóknum þar sem lyfið var prófað á börnum með bráða miðeyrnabólgu. Nú er unnið að kynningu á niðurstöðunum fyrir erlendum aðilum með því markmiði að efna til samstarfs við áframhaldandi þróun og til undirbúnings fyrir markaðssetningu lyfsins.


#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2002



Betware varð fyrsta fyrirtækið í sínum geira til að bjóða upp á Internet-leikjalausnir fyrir Íslenskar getraunir árið 1996. Allt frá stofnun hefur fyrirtækið lagt áherslu á að þróa leikjalausnir fyrir lotterí sem gerir þeim kleift að auka tekjur sínar með sölu í gegnum internet og farsíma. Betware býður viðskiptavinum sínum upp á alhliðalausn fyrir leiki á internetinu. Lausn fyrirtækisins gerir viðskiptavinum kleift að bæta ofan á hana Betware-leikjum frá þriðja aðila. Betware framleiðir einnig eigin lottó-, skafmiða-, casino-, póker-, bingó- og afþreyingarleiki. Viðskiptavinir Betware eru Íslenskar getraunir, Íslensk getsþá, danska ríkislóttóið, spænska ríkislóttóið og fylkislóttóið í Bresku Kólumbíu í Kanada. Betware leggur ríka áherslu á að fjölga viðskiptavinum. Framtíð fyrirtækisins er björt og eru væntingar um að markaðs- og sölustarf fyrirtækisins á liðnum misserum skili sér í fjölgun viðskiptavina á árinu 2011.

[www.betware.is](http://www.betware.is)

#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2001








Dohop var stofnað 2004 til að þróa og reka vef sem auðveldar neytendum um allan heim að finna ódýrar flugferðir og tengingar milli þeirra, hvort sem flogið er með lágfargjaldaflugfélögum eða ekki. Í dag fær vefurinn heimsóknir frá flestum löndum heims enda til á 26 tungumálum og mánaðarlega koma u.þ.b. 600 þúsund gestir inn á vefinn. Dohop hefur gert auglýsingasamninga við hundruð flugfélaga og ferðaskrifstofa en auk þess selur Dohop flugfélögum og flugvöllum flugleitina sem þau nýta á eigin vefjum. Á vef Dohop er einnig að finna hótél- og bílaleiguleit sem unnin er í samstarfi við erlend fyrirtæki. Tæknin á bak við vefinn stendur traustum fótum og getur auðveldlega afkastað margfalt fleiri gestum. Á undanfögnu ári var því lögð meiri áhersla á sölu- og markaðsstarf og áfram verður haldið á þeirri braut á komandi misserum.

[www.dohop.is](http://www.dohop.is)

#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2008

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	10,3
Aðrir	89,7




Fjölbendir ehf. var stofnað árið 1996 til að halda utan um þróun á nýrri uppfinningu Kristjáns Björns Ómarssonar á eldsneytiskerfi TCT (Total Combustion Technology). Í upphafi voru hluthafarnir tveir en eru í dag 326. Á síðustu fjórum árum hefur áherslan verið á þróun TCT fyrir fjörgengisvélar undir 225cc einkum með áherslu á sláttuvélar, rafstöðvar, vatnsdælur o.s.frv. Á síðasta ári var unnið að aðlögun á TCT fyrir fjöldaframleiðslu og prófunum á mismunandi útfærslu nokkurra lykilhliða TCT í samvinnu við framleiðanda TCT í Kína, Sanai Hailing. Lokaáfanginn í ferlinu er hafinn í samvinnu við væntanlegan viðskiptavin sem áformar að setja á markað fyrir árslok a.m.k. eina gerð af sláttuvél með TCT.

[www.tct.is](http://www.tct.is)

#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2001

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	10,0
Kristján Björn Ómarsson	8,1
Ómar Breiðfjörð	6,0
Aðrir	76,0




Agnar Sigmarsson, Transmit.



Gagnavarslan er þekkingarfyrirtæki sem býður upp á heildarlausn á sviði skjalamála og varðveislu. Fyrirtækið var stofnað af Brynju Guðmundsdóttur í nóvember 2007 og er til húsa á gamla varnarliðssvæðinu. Gagnavarslan býður upp á sérfræðiþjónustu við greiningu rekstrarferla og gerð skjalaáætlana. Þá sér fyrirtækið um að varðveita gögn eins og skjöl, muni og menningarminjar fyrir fyrirtæki og stofnanir á öruggan og skipulagðan hátt í sérhæfðu vörsluhúsnæði. Fyrirtækið hefur þróað hugbúnaðinn CORE data sem er öflugt upplýsingastýringarkerfi. Fyrirtækið stefnir á að fara með hugbúnaðinn í útflutning eftir að hafa dafnað á innlendum markaði.

#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2009


Helstu hluthafar	%
Core Invest ehf.	23,5
Auður I fagfjárfestisjóður	21,8
Nýsköpunarsjóður	20,0
Andrea Rafnar	16,3
Aðrir	18,4



Genís þróar nýjar aðferðir til að meðhöndla bólgu- og hrönnunarsjúkdóma einkum í bein- og brjóskef en einnig í öðrum vefjum líkamans. Áherslur eru þrjúþættar: Unnið er að þróun aðferða til að nota amínósýkrur til að efla græðingarmátt skaddaðs beinvefjar með ígræðsluefnum við skurðaðgerðir. Verið er að þróa sykruform sem hægt er að gefa um munn til að sporna gegn vefjaskemmdum af völdum bólgu. Unnið er að rannsóknum sem lúta að því að varpa ljósi á þá ferla sem liggja til grundvallar líffræðilegri virkni amínósýkranna. Genís vinnur mikið með innlendum og erlendum vísindamönnum og hefur rekið samstarfsverkefni með átta erlendum háskólastofnunum og fyrirtækjum, tíu innlendum vísindamönnum, fjórum meistara- og doktorsnemum og tveimur innlendum sprotafyrirtækjum á sviði lyfjaþróunar.

#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2005

Helstu hluthafar	%
Hólshyrna	54,5
Nýsköpunarsjóður	45,5




Svana Helen Björnsdóttir, Stika.



Geogreenhouse ehf. var stofnað í því markmiði að reisa allt að 20 hektara gróðurhús við hlið jarðvarmavirkjunar. Staðsetningin gerir gróðurhúsinu kleift að nýta glatvarma, koltvísýring og ferskt vatn beint frá virkjuninni. Lýst gróðurhús af þessari stærð getur jafnað afltoppa og líkist því annarri stóriðju hvað raforkunotkun varðar. Hagræðið sem af því fylgir gerir raforkukaup hagkvæmari. Framleiddir verða hágæðatómatar allt árið um kring sem eru lausir við skordýraeitur, kolefnisjafnaðir og framleiddir með fersku íslensku vatni. Áætlað er að framleiðsla hefjist haustið 2012 en ráðgert er að flytja alla þá tómata sem framleiddir verða í gróðurhúsinu til Bretlandseyja.

[www.geogreenhouse.is](http://www.geogreenhouse.is)


#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2010



Gogologic var stofnað árið 2006 og sérhæfir sig í gerð samfélagsleikja sem má aðlaga fyrir mismunandi miðla og tæki. Leikirnir eru af öllum stærðum en eru sérstaklega ætlaðir til þess að fólk geti nálgast þá og spilað með sem einföldustum hætti – til dæmis í gegn um vafra eða farsíma. Stærsti leikur félagsins er Vikings of Thule sem keyrir á samfélagsvefnum Facebook. Aðrir leikir sem félagið hefur gefið út eru Soft Freak Fiesta (iOS) og Symbol6 (iOS). Félagið hefur einnig sinnt þróunarvinnu fyrir önnur fyrirtæki í leikjaiðnaði, og þróaði t.d. leikinn Habitarium fyrir Nickleodeon. Fyrirtækið þrefaldaði tekjur sínar 2010 miðað við 2009 og hefur nú náð athygli stórra dreifingarfyrtækja á borð við Big Fish Games. Nær allar tekjur félagsins koma að utan.

[www.gogologic.com](http://www.gogologic.com)


#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2009



Gogoyoko var stofnað til þess að leiða þýðingarmikla breytingu í tónlistariðnaðinum með viðskiptalíkani sem nefnist „Fair Play in Music“ og setur rétt listamanna í algjöran forgang. Félagið býður „e-commerce“ lausn fyrir listamenn sem tryggir þeim hærri greiðslur en eru í boði hjá keppinautum auk þess að bjóða neytendum gjaldfrjálsa hlustun á góðu úrvali af „independent“ tónlist. Fyrirtækið stefnir að því að skila hagnaði í lok ársins 2011. Gogoyoko mun færa „Fair Play in Music“ til alls heimsins. Gogo Holding er í eigu Nýsköpunarsjóðs og Þorsteins Vilhjálmssonar.

[www.gogoyoko.com](http://www.gogoyoko.com)


#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2008



Grapewire er ungt og framsækið hugbúnaðarfyrtæki um þróun vefsölulausna fyrir alþjóðlegan tónlistariðnað. Félagið hefur svo fært sig inn á þjónustu við fjarskiptafyrirtæki. Tónlistarþjónusta Grapewire gerir fjarskiptafyrirtækjum kleift að bjóða viðskiptavinum sínum afþreyingarþjónustu í eigin nafni og ná þannig milliliðalausri tengingu við viðskiptavina sína. Í desember 2010 hóf Síminn hf. að bjóða viðskiptavinum sínum tónlistarþjónustu Grapewire í eigin nafni, annars vegar sem „Bestu lögin“ og hins vegar sem „Ringtóna“ fyrir yngri notendur. Í febrúar 2011 hlutu Bestu lögin Íslensku vefverðlaunin, SVEF, sem besti afþreyingar- eða fréttavefurinn. Niðurlag dómnefndar segir allt sem segja þarf: „Svona á afþreying að vera!“ Nú er unnið að markaðssetningu á lausn fyrirtækisins á erlendum mörkuðum.

[www.grapewire.com](http://www.grapewire.com)

#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2009






Intelscan var stofnað í framhaldi af því að aðstandendur uppgötvuðu þörf í nokkrum framleiðslugreinum og var ákveðið að þróa mælitæki til að leysa þessa þörf. Markaður fyrir svona mælitæki er mjög stór og fjölbreyttur og án landamæra. Þróað var mælitæki sem mælir vatnsinnihald ýmissa efna á svipstundu án snertingar og án nokkurrar meðhöndlunar á efninu sem mælt er. Mælitækið hefur reynst vel, og tækifæri hefur skapast til að þróa hugbúnað með því til að hjálpa framleiðendum að nota upplýsingar frá mælitækinu til stýringar á framleiðsluferlinu. Helstu iðngreinar sem félagið selur til eru fóðuriðnaður og matvælavinnsla. Fyrirtækið er 10 ára gamalt og hefur starfað með sumum af stærstu fyrirtækjum heims á sínu sviði. Sala og markaðssetning erlendis hófst árið 2007 og seld hafa verið yfir 50 kerfi til Evrópu, Bandaríkjanna, Afríku og Asíu.

[www.intelscan.is](http://www.intelscan.is)


#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2000



Samkvæmt könnun Ferðamálastofnunar Íslands fara um það bil 20% allra erlendra ferðamanna sem sækja Ísland heim í lengri eða styttri hestaferð meðan á dvöl þeirra stendur. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands heimsóttu 500 þúsund erlendir ferðamenn landið á síðasta ári og því má áætla að rúmlega 100 þúsund erlendir ferðamenn hafi komist í kynni við íslenska hestinn á síðasta ári. Íshestar eru með rúmlega 20% af þessari tölu og stefna að því að auka sína hlutdeild um a.m.k. 2% á ári næstu 10 ár. Hestamiðstöðin í Hafnarfirði spilar þar algjört lykilhlutverk enda einstök í landinu. IH-Travel - [www.ihtravel.is](http://www.ihtravel.is) er nýtt dótturfyrirtæki Íshesta, alhliða ferðaskrifstofa sem sérhæfir sig í menningar- og heilsuferðaþjónustu ásamt hvata- og gönguferðum.

[www.ishestar.is](http://www.ishestar.is)

#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 1999



Jónas Björgvin Antonsson, Gogagic.


## KERECIS

Lækningavörufyrirtækið Kerecis var stofnað til að mæta brýnni þörf fyrir bættu meðferð á sköðuðum vef m.a. í þrálátum sárum og kviðslitum sem eru alvarlegt heilbrigðisvandamál um allan heim. Kerecis þróar, framleiðir og markaðssetur Marigen-meðhöndlunarefnið fyrir skaðaðan vef t.a.m. í þrálátum sárum og Kerazin-krem m.a. til meðhöndlunar á fótahúðvandamálum og þurrum þrálátum sárum. Vörur fyrirtækisins byggjast á mECM- og mOmega3-tækninni, sem Kerecis hefur þróað og sótt um einkaleyfi fyrir. Á bak við Kerecis stendur hópur með mikla reynslu af lækningavörum og líftækni. Prófunum á fyrstu vörunum sem byggjast á mECM- og mOmega3-tækninni er við það að ljúka og hefur nú þegar verið sótt um markaðsleyfi fyrir sáravöru fyrirtækisins og er ætlunin að sækja á markaði í Bandaríkjunum og Evrópu áður en langt um líður.

[www.kerecis.is](http://www.kerecis.is)

### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2009

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	35,0
FnF ehf.	48,8
Aðrir	16,2



## Kine


future in motion

Þörfin fyrir algerlega þráðlaust marggrása EMG-kerfi (Electro MyoGramm) var ein af meginástæðum stofnunar Kine. Möguleikinn á að koma hreyfimyndum (video) inn í slík kerfi hafði líka mikið að segja. Staðreyndin er sú að við höfum mikið af ýmiss konar þráðlausum kerfum, s.s. símum og öðrum tölvustýrðum kerfum, í kringum okkur í dag. Þessi staðreynd styður þörfina fyrir þróun í þessa átt. Í framtíðinni sjáum við aukningu á margskonar þráðlausum kerfum og þau munu í auknum mæli verða hluti af notkunarsviðum fyrir fagfólk sem tengist endurhæfingu og forvarnarstarfi á heilbrigðissviði og tengdum sviðum.


[www.kine.is](http://www.kine.is)

### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2000

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	37,1
Vogun hf.	35,0
Aðrir	27,9



Ólafur Helgi Jónsson, IntelScan.




Lífeind ehf. var stofnað 2001 og er að skapa sér sérstöðu innan líftæknigeirans með nýrri tegund tvívíðs rafráttar til gæðagreiningar á flóknum kjarnsýrusýnum. Síðastliðin ár hafa starfsmenn Lífeindar unnið að þróun örgerlarafdráttarbúnaðar til að bjóða væntanlegum viðskiptavinum upp á einfalda og fljótvirka leið til að framkvæma tvívíðar rafráttargreiningar á kjarnsýrum. Árið 2008 var stofnað systurfyrirtæki Lífeindar í Skotlandi, BioCule (Scotland) Limited. Það fyrirtæki hefur unnið að undirbúningi fyrir framleiðslu tækjabúnaðar, öflunar viðskiptasambanda og markaðssetningu. Félagið vinnur á grundvelli þriggja einkaleyfa. Markaðssetning tækjabúnaðar og rekstrarvara er hafin með kynningu tækninnar til valinna vísindamanna og rannsóknarstofnana. Hjá félaginu voru þrír starfsmenn um síðustu áramót.

[www.lifeind.is](http://www.lifeind.is)

#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2001

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	43,7
Jón Jóhannes Jónsson	31,5
Tækniþróun ehf.	6,3
Aðrir	18,5




#### MARORKA

Marorka var stofnað 2002, sprettið úr rannsóknum frumkvöðulsins varðandi háþörfun orkunýtingar skipaflotans. Fyrirtækið hefur þróað einstakt tölvukerfi sem fylgist með orkunotkun um borð og flotastjórnunarkerfi sem gerir stjórnendum í landi kleift að fylgjast með frammistöðu alls flotans. Vörur Marorku eru sterkar á markaði og sala félagsins í örur vexti.

[www.marorka.is](http://www.marorka.is)

#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2006

Helstu hluthafar	%
Jón Ágúst Þorsteinsson	27,0
Þórður Magnússon	17,3
Mayfair	15,4
Nýsköpunarsjóður	14,5
VSÓ Ráðgjöf	9,5
Aðrir	16,3




#### MEN&MICE

Menn og mýs var stofnað árið 1990 kringum skólaverkefni við gerð stundaskrárforrits. Árið 1995 var hafin vinna við gerð fyrsta QuickDNS sem var fyrsti DNS-þjónninn fyrir Mac-umhverfi. Fyrirtækið þróar nú og selur hugbúnaðarlausnir til stjórnunar á DNS-, DHCP- og IP-innviðum (DDI) fyrir stór alþjóðleg fyrirtæki undir nafninu Men & Mice Suite. Undir kjörorðunum „First Choice in IP Address Managent“ leggur fyrirtækið áherslu á vandaða vöru, þekkingu og þjónustu. Félagið er fjárhagslega sterkt og hefur verið rekið með hagnaði undanfarin ár. 99% tekna koma frá erlendum stórfyrirtækjum og markaður fyrir DDI er í hröðum vexti. Í dag eru 22 starfsmenn hjá félaginu.

[www.menandmice.com](http://www.menandmice.com)

#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2001

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	24,4
Hiidenki vi Investment Oy	18,3
Magnolia Ventures Oy	18,2
Pétur Pétursson	18,2
Jón Georg Aðalsteinnsson	14,7
Aðrir	6,2




Mentis Cura ehf. rekur rætur til ársins 2000. Félagið hefur þróað aðferð sem greinir ýmsa heilasjúkdóma út frá heilalínuritum. Með aðferð félagsins er vonast til að sjúkdómar verði greindir fyrr en áður og af miklu meira öryggi fyrir minna fé. Greiningin geti aukið möguleika á árangursríkari meðferðum og einnig komið að mikilvægum notum við þróun á lyfjum. Fyrsta afurð félagsins er tilbúin og greinir hún hvort fólk með minnisglöp hafi heilasjúkdóminn Alzheimer eða aðrar heilabílanir. Búnaðurinn er í notkun á sjúkrahúsum hér og erlendis og markaðssetning er að hefjast í Evrópu. Fleiri afurðir eru í farvatninu og sú næsta verður á sviði ofvirkni og athyglisbrests hjá börnum.

[www.mentiscura.is](http://www.mentiscura.is)

#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2009

Helstu hluthafar	%
Þorvaldur Gissurarson	15,0
Nýsköpunarsjóður	14,4
Abelsnes Invest AS	13,7
Kristinn Johnsen	11,3
Aðrir	45,6






Mentor var stofnað árið 2000 og frá upphafi hefur fyrirtækið lagt metnað sinn í að hjálpa skólum að styðja hvern einstakling betur og býður á grundvelli þess upp á heildstætt upplýsinga- og námskerfi fyrir alla sem starfa með börnum. Með því að gera markmið barnsins skýr og sýnileg færast foreldrar og nemendur nær skólanum og eru betur í stakk búnir til þess að taka þátt í samstarfi og ákvarðanatöku. Í dag er Mentor notað víða á Íslandi og Svíþjóð en fyrirtækið hefur einnig verið í samstarfi við skóla í Þýskalandi, Sviss og Englandi þar sem verið er að laga Mentorkerfið að þörfum hvers lands. Nú er allt tilbúið fyrir markaðssetningu í þessum löndum og opnar fyrirtækið skrifstofur í öllum þremur löndunum nú í sumar og þá munu starfa hjá því 52 einstaklingar í fimm löndum.

[www.mentor.is](http://www.mentor.is)

#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2007

Helstu hluthafar	%
Frumtak	25,5
Nýsköpunarsjóður	16,5
Vilborg Einarsdóttir	21,0
Jón Georg Aðalsteinsson	21,0
Aðrir	16,0




Fatafyrirtækið Nikita var stofnað í Reykjavík árið 2000. Fyrirtækið kynnir nýja vörulínu tvisvar á ári. Nikita selur mest af sínum fatnaði í bretta/fataverslunum, ýmist í gegnum dreifingaraðila eða beint til verslana. Jafnframt rekur fyrirtækið eigin verslanir í Reykjavík og ChamoniX/Frakklandi, ásamt vefverslun sem þjónar Evrópu. Vörur Nikita fást í yfir eitt þúsund verslunum í 30 löndum. Fyrirtækið og dreifingaraðilar þess leggja áherslu á að vera í vel völdum verslunum með góðum vörumerkjum á sama markaði. Höfuðstöðvar Nikita eru í Reykjavík, en félagið rekur jafnframt skrifstofu í Hamborg/Þýskalandi. Starfsmenn eru alls 35. Síðari hluta árs 2000 gerðist Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins 19,3% hluthafi í félaginu og er Helga Valfells í stjórn fyrirtækisins fyrir hönd sjóðsins.

[www.nikitaclimbing.com](http://www.nikitaclimbing.com)

#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2000

Helstu hluthafar	%
Var ehf.	36,7
Nýsköpunarsjóður	46,9
Uppspretta	13,9
Aðrir	2,6



Vilborg Einarsdóttir, Mentor.


## ORDICPHOTOS ▷ NORI

NordicPhotos ehf. sérhæfir sig í sölu ljósmynda í gegnum internetið um allan heim eftir ljósmyndara á Norðurlöndunum ásamt því að selja ljósmyndir úr þekktum erlendum myndabönkum á Norðurlöndum. NordicPhotos er með samninga við yfir 500 ljósmyndara frá öllum Norðurlöndunum ásamt umboðum fyrir um 100 erlend myndasöfn og hefur skapað sér sess sem eitt stærsta myndasafn á Norðurlöndunum. Á árunum 2003-2006 keypti NordicPhotos fjóra sænska ljósmyndabanka, IMS Bildbyrå, Mira Bildarkiv, Tiofoto og Greatshots. Árið 2007 keypti félagið norska fyrirtækið Gv-press. Starfsemi fyrirtækjanna hefur verið sameinuð rekstri NordicPhotos og er nú unnið að því að setja myndasöfn fyrirtækjanna á stafrænt form og auka alþjóðlega dreifingu þeirra. 140.000 þúsund ljósmyndir frá ljósmyndurum NordicPhotos hafa verið settar á stafrænt form og er þeim nú dreift í gegnum alþjóðlegt sölunet sem í eru 100 erlend umboðsfyrirtæki og nær til 85 landa.

[www.nordicphotos.com](http://www.nordicphotos.com)

### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2002

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	42,5
Kjartan Dagbjartsson	6,4
Arnaldur Gauti Johnson	6,5
Steinunn Jónsdóttir	6,4
Hreinn Ágústsson	4,2
Aðrir	34,0




## Oxymap

Fyrirtækið var stofnað til að þróa og markaðssetja rannsóknartæki til mælinga á súrefnismettun í sjónhimnu augans. Brenglun á súrefnisbúskap í sjónhimnu er talin koma við sögu í mörgum algengum og alvarlegum augnsjúkdómum, t.d. sjónhimnusjúkdómi í sykursýki og gláku. Oxymap framleiðir Retinal oximeter sem mælir súrefnismettun og þvermál æða í sjónhimnu. Hjá Oxymap eru 10 starfsmenn, þar af fimm í fullu starfi. Unnið er að þróun á hugbúnaði súrefnismælisins, að því að tryggja hugverkaréttindi með einkaleyfum, að gæðavottun og almennu markaðsleyfi. Oxymap vinnur með helstu rannsóknastofnunum á sviði augnlækninga í heiminum til að sýna fram á notagildi vörunnar. Hugbúnaður Oxymap og súrefnismælirinn passa vel inn í vörulínu hjá helstu tækjaframleiðendum á sviði augnlækninga.

[www.oxymap.com](http://www.oxymap.com)

### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2008

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	29,3
Einar Stefánsson	13,2
Jón Atli Benediktsson	13,2
Bryndís Þórðardóttir	7,9
Aðrir	36,5



Kristinn Johnsen, Mentis Cura.






Primex ehf. er fyrirtæki í sjávarlíftækni; sérhæft í framleiðslu á einstaklega hreinu kítíni og kítósani. Hráefnið er eingöngu skel af ferskri kaldsjávarrækju (*Pandalus borealis*) sem unnin er á Norðurlandi. Um 14 manns vinna í verksmiðju og á skrifstofu fyrirtækisins á Siglufirði. Primex markaðssetur og selur gæðavottuð, rekjanleg, vísindalega áreiðanleg og nýstárleg efni til margvíslegra nota: LipoSan Ultra® eru fitubindi- og kólesteróllækkandi efni. ChitoClear®-vörulínan er mjög fjölbreytt og er m.a. notuð sem hráefni í matvæla- og snyrtivörur og sem aðalefni í plástra og sárabindi og í sárageil fyrir dýr.

[www.primex.is](http://www.primex.is)

#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 1998

Helstu hluthafar	%
Rammi hf.	47,5
Nýsköpunarsjóður	22,5
Síldarvinnslan hf	14,1
Samherji hf.	7,8
Aðrir	8,1




ReMake Electric hefur þróað rafskyngjara sem kemur í stað hefðbundinna rafmagnsöryggja. Hilmir Ingi Jónsson frumkvöðull uppgötvaði í starfi sínu sem rafvirki að skortur var á upplýsingum til bilanaleitar og kviknaði hugmyndin í framhaldinu. ReMake Electric vann Gulleggið árið 2010 og í framhaldinu komu fjárfestar að fyrirtækinu. Unnið er að frekari þróun CBM-lausrinnar (Circuit Breaker Meter) í samstarfi við innlenda og erlenda aðila og stefnir ReMake Electric á að koma vörunni á alþjóðlegan markað í nánustu framtíð. CBM-tæknin mun nýtast vel sem greiningartæki og gefa notendum, bæði á heimilum og í stærri fyrirtækjum, tækifæri á að vera upplýst um rafmagnsnotkunina og stuðla þannig að orkusparnaði og auknu öryggi.

[www.remake-electric.com](http://www.remake-electric.com)

#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2010

Helstu hluthafar	%
Hilmir Ingi Jónsson	48,4
Eyrir Invest	20,0
Nýsköpunarsjóður	18,0
Aðrir	13,6




Stiki ehf. var stofnað árið 1992. Fyrirtækið þróar nú tvenns konar hugbúnaðarlausnir; annars vegar til að meta áhættu í rekstri og hins vegar til að meta gæði heilbrigðisþjónustu. Í báðum tilvikum er byggt á ferlavirkni og notkun alþjóðlegra staðla. Risk Management Studio, RM Studio®, er hugbúnaður hannaður fyrir fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög sem vilja tryggja öryggi og gæði í allri starfsemi sinni. Útflutningur á RM Studio hófst í árslok 2008 og er Stiki nú með viðskiptavini og samstarfsaðila í 16 löndum. RAI-hugbúnaður Stika er þróaður í samstarfi við Íslenskar heilbrigðisstofnanir til gæðamats í heilbrigðisþjónustu. Gæði þjónustu eru metin fyrir marga þætti heilbrigðisþjónustu og gæðavísar reiknaðir út. RAI-hugbúnaðurinn er ætlaður opinberum- og einkaaðilum í heilbrigðisþjónustu. Útflutningur er í undirbúningi. Allur rekstur Stika er vottaður skv. ISO 9001 og ISO/IEC 27001. Stiki er gullvottaður Microsoft-samstarfsaðili.

[www.stiki.is](http://www.stiki.is)

#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2007

Helstu hluthafar	%
Svana Helen Björnsdóttir	33,6
Bjarni Þór Björnsson	33,4
Nýsköpunarsjóður	33,0




Stjörnu-Oddi hf var stofnað 1985 og er orðið eitt fremsta fyrirtæki í heimi á sviði rafeindamerkja sem notuð eru til rannsókna á sjávardýrum. Mælitækin eru smáir síritar sem safna saman gögnum um ýmsa umhverfisþætti, s.s. dýpi, hitastig og seltu, auk þess að geta sýnt stefnu, halla, og tekið á móti staðsetningu. Gögnin er hægt að skoða í PC-tölvu í gröfum og töflum, þar sem hver mæling hefur sína dagsetningu og klukku. Markmið rannsóknaraðila með notkun fiskmerkjana er að hafa upplýsingagrunninn það góðan að hægt sé að bæta veiðiráðgjöfina til sjálfbærrar nýtingar á fiskauðlindum. Verið er að útvíkka markaðslega skírskotun félagsins með því að sækja inn á nýja markaði með tilbúnað vörur. Þetta er gert í kjölfar viðamikillar stefnumótunar. Sömuleiðis er verið að treysta innviði félagsins til að geta vaxið á næstu misserum.

[www.star-oddi.com](http://www.star-oddi.com)

#### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 1999

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	36,9
Sigmar Guðbjörnsson	27,0
Jóhanna Ástvaldsdóttir	15,0
Aðrir	21,1




## TRANSMIT

Transmit er stofnað til að þróa hugbúnað fyrir umsýslu rafræns markaðsefnis sem henti litlum og meðalstórum fyrirtækjum, en núverandi lausnir einblína á stærri fyrirtæki. Vara Transmit er Brand Regard sem gerir litlum og meðalstórum fyrirtækjum kleift að tryggja að allir starfsmenn og samstarfsaðilar fyrirtækja hafi auðveldan aðgang að stafrænum markaðsgögnum, svo sem lógóum, bæklingum og myndum. Transmit hefur hafið sölu á Brand Regard á Íslandi og í Bretlandi.

[www.transmit.is](http://www.transmit.is)

### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2010

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	30,6
Agnar Sigmarsson	20,8
Finnur Magnússon	20,8
Geir Freysson	20,8
Tom Salmon	6,9




## Valka

Fyrirtækið Valka var upphaflega stofnað vegna tækifæra fyrir nýjan tæknibúnað í fiskiðnaði. Fyrirtækið býður nú upp á mjög fjölbreyttar hugbúnaðar- og vinnslulausnir sem nýtast flestum fiskvinnslum í heiminum í dag. Staða Völkur hefur aldrei verið sterkari og stefnir fyrirtækið í áframhaldandi hraðan vöxt á næstu árum.

[www.valka.is](http://www.valka.is)

### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2008

Helstu hluthafar	%
Helgi Hjálmarsson	37,1
Nýsköpunarsjóður	28,7
Vattarnes ehf.	9,2
Sigurbjörn Þorkelsson	8,4
Klapparás ehf.	6,0
Aðrir	10,6




## VIDENTIFIER TECHNOLOGIES

Videntifier Technologies var stofnað 2007 og er sprottið upp úr rannsóknarvinnu við Háskólann í Reykjavík á sviði leitar í myndgagnagrunnum. Í dag er aðaláherslan og sú markaðssýlla, sem Videntifier Technologies hefur valið sér, að auðvelda lögreglu að finna ólöglegt myndefni á tölvubúnaði. Vara félagsins, Videntifier Forensic, getur á alsjálfrákan hátt borið kennsl á myndefni á tölvum og þannig aðstoðað við að uppræta barnaklám og annað ólöglegt myndefni. Kerfið eykur afköst lögreglunnar til muna við greiningu myndefnis. Félagið markaðssetur lausnina til lögregluembætta um allan heim, og er nú að byggja sér alþjóðlegt sölunet umboðsmanna.

[www.videntifier.com](http://www.videntifier.com)

### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2010

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður	24,4
Herwig Lejsek	23,0
Friðrik Ásmundsson	18,0
Háskólinn í Reykjavík	16,4
Kristleifur Daðason	6,7
Aðrir	11,5




## innovit

Innovit starfar sem nýsköpunar- og frumkvöðlasetur fyrir kraftmikið og metnaðarfullt fólk með góðar viðskiptahugmyndir þar sem lögd er megináhersla á viðskiptatækifæri sem spretta úr starfi íslenskra háskóla. Megintilgangur Innovit er að virkja frumkvæði og athafnasemi ungs fólks á Íslandi og aðstoða við að hrinda viðskiptahugmyndum í framkvæmd með stofnun árangursríkra fyrirtækja að leiðarljósi. Stuðlað hefur verið að samstarfi við fremstu frumkvöðlasetur í heiminum til þess að umhverfi frumkvöðla á Íslandi verði með besta móti. Hjá Innovit fá háskólanemar og nýbrautskráðir einstaklingar faglega ráðgjöf og fyrsta flokks aðstöðu til að stofna ný fyrirtæki. Meðal árlegra viðburða hjá Innovit má nefna frumkvöðlakeppnina um Gulleggið og Alþjóðlega athafnaviku sem haldin er samtímis í 105 löndum. Innovit var stofnað formlega 6. september 2007. Aðalhvatamenn að stofnun félagsins voru Andri Heiðar Kristinsson, Magnús Már Einarsson og Stefanía Sigurðardóttir. Auk þeirra voru Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins stofnaðilar.

### Nýsköpunarsjóður kom að félaginu árið 2007

Helstu hluthafar	%
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	28,0
Samtök iðnaðarins	13,0
Háskóli Íslands	15,0
Háskólinn í Reykjavík	15,0
Andri Heiðar Kristinsson	8,0
Aðrir	18,0



## FJÁRFESTINGAR Í SJÓÐUM

### Frumtak slhf.

Frumtak slhf. er sjóður sem fjárfestir í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum sem komin eru af klakstigi og eru vænleg til vaxtar og útrásar. Sjóðurinn hefur það markmið að byggja upp öflug fyrirtæki sem geta verið leiðandi á sínu sviði þannig að þau skili ekki aðeins góðri ávöxtun til fjárfesta heldur leggi einnig sitt af mörkum til þess að bæta það samfélag sem þau búa í.

Frumtak slhf. fjárfestir á Íslandi en er heimilt að fjárfesta erlendis að því marki sem nauðsynlegt er vegna markaðssóknar fyrirtækja í eigu Frumtaks á erlenda markaði. Sjóðurinn leggur áherslu á fjárfestingar þar sem líkur eru á miklum vexti og útflutningi. Sjóðurinn sérhæfir sig ekki í einstökum greinum.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er með ráðandi hlut í Frumtaki, 37,4%.  
Aðrir hluthafar eru þrír bankar og sex lífeyrissjóðir.

Frumtak hefur fjárfest í eftirfarandi fyrirtækjum:

[www.trackwell.is](http://www.trackwell.is), [www.agr.is](http://www.agr.is), [www.handpoint.com](http://www.handpoint.com), [www.andersenlauth.com](http://www.andersenlauth.com), [www.gogogic.com](http://www.gogogic.com), [www.meniga.com](http://www.meniga.com)  
[www.iceconsult.com](http://www.iceconsult.com), [mentor.is](http://mentor.is), [www.pme.is](http://www.pme.is), [www.controlant.com](http://www.controlant.com), [www.valka.is](http://www.valka.is), [www.gogoyoko.com](http://www.gogoyoko.com)

### AUÐUR I

AUÐUR I er fagfjárfjástasjóður sem fjárfestir í fyrirtækjum í rekstri með mikla vaxtarmöguleika, gjarnan í meirihlutaeigu eða undir stjórn kvenna, eða þar sem aðkoma Auðar getur leyst úr læðingi aukin verðmæti. AUÐUR I leggur áherslu á vaxtarfjármögnun (growth capital).

Rúmlega 20 fjárfestar hafa lagt sjóðnum til fé, meðal þeirra eru flestir af stærstu lífeyrissjóðum landsins sem og aðrir stofnana- og fagfjárfestar, þar á meðal Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins. Stærð sjóðsins er 3,2 milljarðar króna. Fjárfestingarrámmi AUÐAR I gerir ráð fyrir fjárfestingum í fyrirtækjum með a.m.k. 3-5 ára rekstrarsögu. Nýsköpunarsjóður á 4,7% í AUÐI I.

### Brú II Venture Capital Fund

Brú II Venture Capital Fund, S.C.A. SICAR er sjóður sem stofnaður var í ársbyrjun 2006 og starfar undir eftirliti fjármálaeftirlits Lúxemborgar (CSSF). Meðal fjárfesta í sjóðnum eru flestir stærstu lífeyrissjóðir landsins, tryggingarfélag og aðrir fagfjárfestar ásamt Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins. Nýsköpunarsjóður á 4,3% í BRÚ II.



Sigurður Kiernan, Sveinn Aðalsteinsson, Gunnlaugur Karlsson og Bjarni Finnsson, Geogreenhouse.



*Hevwig Lejsek og Friðrik Heiðar Ásmundsson, Videntifier.*

## ÁRSREIKNINGUR

## Áritun óháðs endurskoðanda

### Til stjórnar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins

Við höfum í umboði Ríkisendurskoðunar endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2010, efnahag hans 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010 í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 30. mars 2011

Deloitte hf.

Guðmundur Kjartansson  
endurskoðandi

## Áritun stjórnar

Ársreikningur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins (NSA) fyrir árið 2010 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Rekstrartekjur ársins 2010 námu 147,3 milljónum króna samanborið við 146 milljónir króna árið áður. Rekstrargjöld ársins námu 128,8 milljónum króna og var hagnaður af rekstri fyrir fjármagnsgjöld um 18,6 milljónir króna. Hagnaður ársins var 15,9 milljónir króna samanborðið við 13,1 milljón króna árið áður.

Samkvæmt efnahagsreikningi nema heildareignir félagsins samtals 4.837,5 milljónum króna í árslok 2010. Bókfært eigið fé á sama tíma nam samtals 4.696,4 milljónum króna og er eiginfjárlutfall sjóðsins því 97%. Í árslok var handbært fé NSA 1.555 milljónir króna á móti 1.526,6 milljónum króna í ársbyrjun.

Heildarfjárfestingar NSA á árinu námu 809,1 milljón króna. Fjárfest var í fjórum nýjum sprotafyrirtækjum fyrir samtals 46 milljónir króna og í 12 fyrirtækjum sem NSA átti í áður fyrir samtals 250,3 milljónir króna. Þá fjárfesti NSA í samlagssjóðunum Frumtaki slhf. og AUÐI I slf. fyrir samtals 512,8 milljónir króna. NSA seldi eignarhlut í AUÐI 1 með sölutapi að fjárhæð 6,2 milljónir króna.

Í ársbyrjun störfuðu sex starfsmenn hjá sjóðnum og í árslok voru þeir sjö.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra NSA að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri NSA staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Reykjavík, 25. mars 2011

### Í stjórn

Arnar Sigurmundsson  
stjórnarformaður

Guðný Hrund Karlsdóttir

Sigrún B. Valdimarsdóttir

Finnbjörn A. Hermannsson

Orri Hauksson

### Framkvæmdastjóri

Helga Valfells

## Rekstrarreikningur árið 2010

	Skýr.	2010	2009
<b>Rekstrartekjur</b>			
Vaxtatekjur og arður af fjárfestingaverkefnum . . . . .		95.419.272	147.315.189
Vaxta- og vörslutekjur af bankainnstæðum . . . . .	3	99.762.615	242.234.001
Aðrar rekstrartekjur . . . . .	3	1.099.052	1.682.200
Söluhagnaður af fjárfestingaverkefnum . . . . .		233.670.217	1.500.000
Framlag í afskriftareikning fjárfestingaverkefna . . . . .		(282.575.026)	(246.764.893)
		<u>147.376.130</u>	<u>145.966.497</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Aðkeyptur kostnaður við fjárfestingaverkefni		(14.668.071)	(11.899.945)
Laun og launatengd gjöld . . . . .	4	(70.023.015)	(71.369.457)
Annar almennur rekstrarkostnaður . . . . .		(55.402.021)	(48.105.479)
Þátttaka annarra sjóða í rekstri . . . . .		9.509.710	11.883.674
Veittir styrkir . . . . .		2.260.000	(8.323.334)
Afskriftir . . . . .	5	(469.850)	(1.041.500)
		<u>(128.793.247)</u>	<u>(128.856.041)</u>
<b>Rekstrarhagnaður</b>		<b>18.582.883</b>	<b>17.110.456</b>
<b>Fjármagnsgjöld</b>			
Fjármagnsgjöld. . . . .		(2.669.108)	(4.026.116)
		<u>(2.669.108)</u>	<u>(4.026.116)</u>
<b>Hagnaður ársins . . . . .</b>		<b><u>15.913.775</u></b>	<b><u>13.084.340</u></b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2010

### Eignir

	Skýr.	2010	2009
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir . . . . .	5	1.762.374	4.000.421
Eignarhlutar . . . . .	6	2.595.338.950	2.628.403.737
Útlán . . . . .	7	792.524.039	538.491.657
Samlagssjóðir . . . . .	8	941.033.489	471.722.005
Afskriftareikningur fjárfestingaverkefna . . . . .	9	(1.108.029.343)	(944.165.148)
		<u>3.222.629.509</u>	<u>2.698.452.672</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Aðrar skammtímakröfur . . . . .	10	57.363.012	71.537.604
Kröfur á tengda sjóði . . . . .	13	2.500.000	5.056.649
Handbært fé . . . . .	11	1.555.023.347	1.526.635.006
		<u>1.614.886.359</u>	<u>1.603.229.259</u>
<b>Eignir alls . . . . .</b>		<b><u>4.837.515.868</u></b>	<b><u>4.301.681.931</u></b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	Skýr.	31/12/2010	31/12/2009
<b>Eigið fé</b>	12		
Stofnfé		4.821.767.472	4.821.767.472
Annað eigið fé		(125.399.331)	(654.095.330)
<b>Eigið fé</b>		<u>4.696.368.141</u>	<u>4.167.672.142</u>
<b>Langtímaskuldir</b>			
Skuldabréfalán	14	0	25.120.674
		0	25.120.674
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuldir vegna verkefna	16	118.640.000	83.850.000
Næsta árs afborganir langtímalána	14	0	3.588.667
Aðrar skammtímaskuldir	15	22.507.727	20.907.948
Fyrirfram innheimtar tekjur		0	542.499
		<u>141.147.727</u>	<u>108.889.115</u>
<b>Skuldir</b>		<u>141.147.727</u>	<u>134.009.789</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u><u>4.837.515.868</u></u>	<u><u>4.301.681.931</u></u>

## Sjóðstreymi árið 2010

	Skýr.	2010	2009
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Innborgaðar vörslutekjur og vaxtatekjur bankareikninga		99.762.615	240.082.575
Innborgaðar aðrar tekjur		0	2.151.425
Greidd fjármagnsgjöld		(1.719.167)	(1.686.413)
Greiddur rekstrarkostnaður		(126.426.969)	(114.425.916)
Innborgaðar tekjur af fjárfestingaverkefnum		43.804.722	133.948.021
Greiddir styrkir		(3.240.000)	(8.323.334)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>12.181.201</u>	<u>251.746.358</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir fastafjármunir		(550.000)	0
Seldir fastafjármunir		2.874.750	150.000
Ný útlán		(344.843.302)	(336.110.469)
Keypt í samlagssjóðum		(512.782.224)	(323.179.475)
Keyptir eignarhlutir		(296.316.252)	(718.674.648)
Seldir eignarhlutir		521.340.199	4.720.000
Fengnar afborganir útlána		163.361.027	406.903.084
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		<u>(466.915.802)</u>	<u>(966.191.508)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Innborgað frá Ríkissjóði Íslands vegna samlagssjóða		512.782.224	323.179.475
Greiddar afborganir langtímalána		(29.659.282)	(3.588.667)
Ríkisábyrgðarsjóður, breyting		0	20.834.183
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		<u>483.122.942</u>	<u>340.424.991</u>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		28.388.341	(374.020.159)
Handbært fé í upphafi árs		<u>1.526.635.006</u>	<u>1.900.655.165</u>
<b>Handbært fé í lok árs</b>		<u><u>1.555.023.347</u></u>	<u><u>1.526.635.006</u></u>

## Skýringar

### 1. Starfsemi

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997 og er samkvæmt þeim sjálfstæð stofnun í eigu Ríkissjóðs Íslands. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum iðnaðarráðherra.

Hlutverk Nýsköpunarsjóðs er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Í þessu skyni er sjóðnum heimilt að leggja fram hlutafé, veita lán og ábyrgðir.

**Starfsemi Nýsköpunarsjóðs skiptist í tvær deildir, Stofnsjóð og Tryggingardeild útflutningsins.**

#### Stofnsjóður

Í Stofnsjóði er eigið fé sjóðsins eins og það er varðveitt og ávaxtað á hverjum tíma. Undir Stofnsjóð heyrir allur almennur rekstur Nýsköpunarsjóðs, deilda hans og sjóða.

#### Tryggingardeild útflutnings

Deildinni er ætlað að veita tryggingar og ábyrgðir til þess að efla íslenskan útflutning vöru og þjónustu, auka íslenskar fjárfestingar erlendis, þátttöku í verklegum framkvæmdum erlendis og þátttöku í stærri verklegum framkvæmdum hérlendis.

### 2. Reikningsskilaaðferðir

#### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Nýsköpunarsjóðs fyrir árið 2010 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn byggist á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

#### Erlendis gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi ársins		Árslokagegni	
	2010	2009	31/12/2010	31/12/2009
Evra (EUR)	161,88	173,15	154,23	180,38
Bandaríkjadalur (USD)	122,04	123,89	115,32	125,20
Dönsk króna (DKK)	21,73	23,26	20,70	24,24
Sænsk króna (SEK)	16,96	16,35	17,21	17,57

#### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

#### Skattamál

Sjóðurinn er undanþeginn tekjuskatti samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt.

#### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

#### Fjárfestingaverkefni

Verðbréf og skuldabréf sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metin á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

#### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

#### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

#### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.



### 3. Vörslutekjur og þóknunartekjur

	2010	2009
<b>Vaxtatekjur og vörslutekjur af inneignum</b>		
Vaxtatekjur af bankainnstæðum . . . . .	1.179.426	1.845.178
Gengismunur . . . . .	(2.130.756)	306.247
Tekjur af vörslusjóðum . . . . .	100.713.945	240.082.576
	<u>99.762.615</u>	<u>242.234.001</u>
<b>Aðrar rekstrartekjur</b>		
Fengnar þóknanir af ábyrgðum tryggingadeildar . . . . .	542.499	1.682.200
Söluhagnaður fastafjármuna. . . . .	556.553	0
	<u>1.099.052</u>	<u>1.682.200</u>

### 4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2010	2009
Laun . . . . .	52.501.291	55.898.949
Lífeyrissjóður . . . . .	8.566.507	8.279.573
Önnur launatengd gjöld . . . . .	7.057.430	5.381.733
Annar starfsmannakostnaður . . . . .	1.897.787	1.809.202
	<u>70.023.015</u>	<u>71.369.457</u>

Stöðugildi að meðaltali . . . . . 6,5 6

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda félagsins á árinu 2010 námu 17,2 milljónum króna.

### 5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Innréttingar, skrifstofuáh.	Tölvubúnaður	Bifreið	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun . . . . .	8.534.317	1.469.885	4.250.000	14.254.202
Afskrifað í ársbyrjun . . . . .	(6.805.885)	(1.322.896)	(2.125.000)	(10.253.781)
Bókfært verð í ársbyrjun . . . . .	<u>1.728.432</u>	<u>146.989</u>	<u>2.125.000</u>	<u>4.000.421</u>
Viðbætur ársins . . . . .	550.000	0	0	550.000
Selt á árinu . . . . .	(299.447)	0	(2.018.750)	(2.318.197)
Afskrift ársins . . . . .	<u>(363.600)</u>	<u>0</u>	<u>(106.250)</u>	<u>(469.850)</u>
Bókfært verð í lok ársins . . . . .	<u>1.615.385</u>	<u>146.989</u>	<u>0</u>	<u>1.762.374</u>

Vátryggingarmat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Vátryggingamat
Innréttingar og tæki . . . . .	8.554.362

### 6. Eignarhlutar

Fjárfesting í hlutabréfum er færð á kostnaðarverði þó um sé að ræða eignarhluti þar sem hluturinn nemur meira en 20% þar sem ekki er unnt að beita hlutdeildaraðferð sbr. 70 gr. ársreikningalaganna. Verðbréfin eru færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

	2010	2009
Eignarhlutar í upphafi árs. . . . .	2.628.403.737	2.030.089.054
Fjárfest í nýjum eignarhlutum . . . . .	296.316.252	718.674.647
Seld fjárfestingaverkefni . . . . .	(281.474.023)	(3.220.000)
Endanlega afskrifaðir eignarhlutar . . . . .	(88.197.016)	0
Óútborguð fjárfestingarverkefni. Breyting. . . . .	40.290.000	(117.139.964)
	<u>2.595.338.950</u>	<u>2.628.403.737</u>

**Eignarhlutar í fyrirtækjum**

AGR - Aðgerðagreining ehf. . . . .	10,0%	Kerecis ehf. . . . .	35,0%
Alur - álvinnsla ehf. . . . .	11,1%	Kine ehf. . . . .	37,1%
Atall ehf. . . . .	47,8%	Lífeind ehf. . . . .	43,7%
Auris ehf. . . . .	9,8%	Marorka ehf. . . . .	18,5%
Betware á Íslandi hf. . . . .	1,7%	Menn og mús ehf. . . . .	24,4%
Akthelía ehf. . . . .	15,0%	Mentis Cura ehf. . . . .	10,7%
Dohop ehf. . . . .	10,3%	Mentor ehf. . . . .	16,5%
Fjölblendir ehf. . . . .	10,0%	Nikita ehf. . . . .	47,4%
Frumtak GP ehf. . . . .	50,0%	Norrænar myndir ehf. . . . .	42,3%
Gagnavarslan ehf. . . . .	20,0%	Oxymap ehf. . . . .	29,3%
Genís ehf. . . . .	45,5%	Primex hf. . . . .	22,5%
Geogreenhouse . . . . .	8,2%	Remake Electric. . . . .	8,9%
Gogogic ehf. . . . .	20,9%	Spaksmannsspjarir ehf. . . . .	5,0%
Gogoyoko ehf. . . . .	30,4%	Stiki ehf. . . . .	33,0%
Grapewire ehf. . . . .	25,0%	Stjörnu-Oddi . . . . .	36,9%
Innovit ehf. . . . .	22,0%	Transmit ehf. . . . .	15,0%
Intel Scan Örbylgutækni ehf. . . . .	49,0%	Valka ehf. . . . .	28,7%
Íshestar ehf. . . . .	19,1%		

**7. Útlán**

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

	2010	2009
Útlán í upphafi . . . . .	538.491.657	669.231.507
Ný útlán . . . . .	344.843.302	336.110.470
Verðbætur/gengishagnaður . . . . .	(1.559.108)	7.415.356
Afborganir útlána . . . . .	(104.463.046)	(406.903.083)
Áfallnir vextir. Breyting . . . . .	22.360.843	10.256.484
Endanlega afskrifuð útlán . . . . .	(7.149.609)	(6.963.163)
Áhættulán. Fært sem skammtímakröfur . . . . .	0	(70.655.914)
	<u>792.524.039</u>	<u>538.491.657</u>

**8. Samlagssjóðir**

Nýsköpunarsjóði er heimilt að taka þátt í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum sem stunda fjárfestingar í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, enda nemi eignarhlutur Nýsköpunarsjóðs minna en 50%.

Fjárfesting í samlagssjóðum er færð á kostnaðarverði þó um sé að ræða eignarhluti þar sem hluturinn nemur meira 20% sbr. heimildarákvæði ársreikningalaganna. Eignarhlutir í samlagssjóðum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

	2010	2009
Samlagssjóðir í upphafi . . . . .	471.722.005	148.542.530
Fjárfestingar í samlagssjóðum. . . . .	512.782.224	323.179.475
Seldur hluti AUÐUR 1. . . . .	(43.470.740)	0
	<u>941.033.489</u>	<u>471.722.005</u>

Eignarhlutar í samlagssjóðum sundurliðast þannig:	Hlutdeild	Kaupverð
Frumtak slhf. . . . .	37,04%	620.925.926
AUÐUR I . . . . .	4,69%	116.012.750
Brú II . . . . .	4,30%	204.094.813
		<u>941.033.489</u>

**9. Afskriftareikningar fjárfestingaverkefna**

Afskriftareikningur fjárfestingaverkefna er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir áhættufjárfestingu. Lagt er í þennan reikning árlega með hliðsjón af metinni áhættu hverju sinni.

Breyting á afskriftareikningi greinist svo:

	2010	2009
Afskriftareikningur í upphafi árs. . . . .	944.165.148	710.984.522
Framlag ársins í afskriftareikning . . . . .	282.575.026	246.764.894
Endanlega töpuð fjárfestingaverkefni . . . . .	(118.710.831)	(14.183.861)
Innkomin áður töpuð fjárfestingaverkefni . . . . .		599.593
	<u>1.108.029.343</u>	<u>944.165.148</u>

## 10. Aðrar peningalegar eignir

Aðrar skammtímakröfur

	2010	2009
Fyrirframgreiddur kostnaður . . . . .	1.040.335	876.690
Kröfur vegna seldra eignarhluta . . . . .	56.322.677	70.660.914
	<u>57.363.012</u>	<u>71.537.604</u>

## 11. Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og vörslusjóðum.

	2010	2009
Vörslusjóðir . . . . .	1.441.875.443	1.492.161.498
Bankainnstæður og sjóðir . . . . .	113.147.904	34.473.507
	<u>1.555.023.347</u>	<u>1.526.635.005</u>

Vörslusjóðir:

Nýsköpunarsjóður hefur gert samninga um ávöxtun og fjárvörslu við aðila innanlands.

	2010	2009
Fjárvarsla í erlendri mynt . . . . .	213.524.104	221.072.656
Fjárvarsla í íslenskum krónum . . . . .	1.228.351.339	1.271.088.842
	<u>1.441.875.443</u>	<u>1.492.161.498</u>

Þróun vörslusjóða greinist þannig:

	2010	2009
Staða í upphafi árs. . . . .	1.492.161.498	1.830.478.922
Innborgað til fjárvörsluaðila . . . . .	0	80.000.000
Útborgað frá fjárvörsluaðilum . . . . .	(50.000.000)	(658.400.000)
Markaðsbreytingar vörslusjóða . . . . .	(286.055)	240.082.576
	<u>1.441.875.443</u>	<u>1.492.161.498</u>

## 12. Eigið fé

Innborgað stofnfé er samtals kr. 4.821.767.472. Í 7. gr. laga nr. 61/1997 með síðari breytingum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins segir að eigið fé Nýsköpunarsjóðs skuli að lágmarki vera 3.000 millj.kr. Lágmarksfjárhæð þessi skal taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá 1. janúar 2007. Eigið fé er kr. 4.696,4 milljónir króna í árslok 2010 og til samanburðar er lágmarksfjárhæð sú sem sett er fram í lögum og vitnað er til hér að ofan 4.085 milljónir króna.

Hreyfingar eigin fjár greinast á eftirfarandi hátt:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1 2009 . . . . .	4.821.767.472	(990.359.145)	3.831.408.327
Innborgun frá Ríkissjóði vegna samlagssjóða . . . . .	0	323.179.474	323.179.474
Hagnaður ársins 2009 . . . . .	0	13.084.340	13.084.340
Eigið fé 1.1 2010	<u>4.821.767.472</u>	<u>(654.095.331)</u>	<u>4.167.672.142</u>
Innborgun frá Ríkissjóði vegna samlagssjóða . . . . .	0	512.782.224	512.782.224
Hagnaður ársins 2010 . . . . .	0	15.913.775	15.913.775
Eigið fé 31.12 2010	<u>4.821.767.472</u>	<u>(125.399.332)</u>	<u>4.696.368.141</u>

Eigið fé Nýsköpunarsjóðs skiptist með eftirfarandi hætti milli einstakra deilda:

	31.12.2010	31.12.2009
Stofnsjóður . . . . .	4.685.779.916	4.157.508.471
Tryggingardeild útflutnings. . . . .	10.588.225	10.163.671
	<u>4.696.368.141</u>	<u>4.167.672.142</u>

Samkvæmt 12. grein laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins er miðað við að iðgjöld og tryggingarhlutföll standi undir rekstri Tryggingardeildar útflutnings, greiðslu tjónabóta og myndunar varasjóðs þannig að starfsemin standi undir sér til lengri tíma litið. Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð og skal honum varið til greiðslu tjónabóta. Ríkissjóður ábyrgist að öðru leyti skuldbindingar deildarinnar. Hagnaður ársins nemur 424.554 krónum.

### 13. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Viðskipti við tengd félög árið 2010	Keypt þjónusta og vörur	Þátttaka í kostnaði	Kröfur	Skuldir
Frumtak GP ehf. . . . .	0	6.957.000	2.500.000	0
	0	6.957.000	2.500.000	0

Viðskipti við tengd félög árið 2009	Keypt þjónusta og vörur	Þátttaka í kostnaði	Kröfur	Skuldir
Frumtak GP ehf. . . . .	0	7.970.813	5.056.649	0
	0	7.970.813	5.056.649	0

### 14. Langtímaskuldir

Skuldir við lánastofnanir:

	2010	2009
Skuldir í ISK. . . . .	0	28.709.341
	0	28.709.341
Næsta árs afborganir langtímaskulda . . . . .	0	(3.588.667)
Langtímaskuldir í árslok	0	25.120.674

### 15. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

	2010	2009
Áfallnir vextir . . . . .	0	120.260
Ógreiddur kostnaður . . . . .	4.672.103	3.112.540
Áunnið orlof. . . . .	6.202.241	6.041.765
Skuld við Ríkisábyrgðarsjóð . . . . .	11.633.383	11.633.383
	22.507.727	20.907.948

Næsta árs afborganir langtímaskulda

	2010	2009
Skuldir við lánastofnanir . . . . .	0	3.588.667
	0	3.588.667

### 16. Skuldir vegna verkefna

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur veitt loforð um fjárfestingar til nokkurra fyrirtækja annaðhvort í formi eignarhluta eða útlána að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Skuldbinding í árslok sem færð er meðal skammtímaskulda nemur samtals 118,6 milljónum króna. Skuldbinding utan efnahagsreiknings vegna verkefna sem eru eingöngu vegna lánsloforða nemur um 69 milljónum króna.

## 17. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Nýsköpunarsjóður hefur skuldbundið sig til þátttöku í þremur samlagssjóðum, AUÐI 1, Brú II og Frumtaki slhf., samtals að fjárhæð 2.000 milljónir króna. Ógreidd fjárfestingaloforð vegna þessara samlagssjóða nema í lok ársins um 1.015,5 milljónum króna. Ríkissjóður Íslands hefur skuldbundið sig til að leggja stofnfjárframlag til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins að fjárhæð 515,5 milljónir króna svo að sjóðurinn geti mætt þessum skuldbindingum í samlagssjóðum.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs hefur samþykkt að veita ábyrgðir til þriðja aðila til tryggingar bankalánnum. Í árslok 2010 nema veittar ábyrgðir 83,5 milljónum króna.

Tryggingardeild útflutnings hefur veitt ábyrgðir til þriðja aðila. Á reikningsskiladegi voru eftirstöðvar þessara ábyrgða um 223,1 milljón króna sem jafngildir um 1,3 milljónum í sérstökum dráttarréttindum. Samkvæmt lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins mega heildarskuldbindingar Tryggingardeildar ekki nema hærri fjárhæð en 130 milljónum í sérstökum dráttarréttindum.

Endurgreiðslutími ábyrgðarskuldbindinga Tryggingardeildar greinist þannig:

	31/122010
Gjaldfallin ábyrgð . . . . .	27.691.704
Til endurgreiðslu á árinu 2011 . . . . .	195.358.743
	<hr/>
	223.050.447

## 18. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 25. mars 2011.



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins Kringlunni 7, 3. hæð 103 Reykjavík  
[www.nsa.is](http://www.nsa.is), [nsa@nsa.is](mailto:nsa@nsa.is)

---

Hönnun og umbrot: Plánetan Ljósmyndir: Bernhard Kristinn Ingimundarson Prentun: Svansprent



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR